

Ed.

473. Frumvarp til laga

[248. mál]

um breyting á lögum um fjarskipti, nr. 30 frá 1941.

Flm.: Steingrímur Hermannsson.

1. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. skal iðnaðarmönnum á sviði fjarskiptatækni, sem löggildingu hafa hlotið, heimilt að smíða og gera við fjarskiptavirki. Slíkir aðilar skulu skrá sig hjá Landssíma Íslands og hafa undir höndum vottorð um slíka skráningu. Skylt skal þeim, sem taka að sér smíði og viðgerðir fjarskiptavirkja, að senda Landssíma Íslands skýrslu um starfsemi sína sé þess óskað. Ráðherra sá, sem fer með fjarskiptamál ríkisins, getur heimilað einstökum mönnum, félögum eða stofnunum að stofna fjarskiptavirki eða að flytja til landsins, selja, leigja eða dreifa út á annan hátt, breyta eða setja upp fjarskiptavirki eða hluta þeirra, sem í 2. gr. getur. Leyfi skal veitt um ákveðinn tíma með þeim skilyrðum og kröfum, sem ástæða þykir til í hvert skipti. Enn fremur getur ráðherra með reglugerð veitt almennt leyfi til tiltekinna minni háttar framkvæmda, sem ekki er hætta á að valdi truflunum á rekstri fjarskiptavirkja ríkisins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í lögum um fjarskipti frá 1941 eru ströng ákvæði um einkarétt ríkisins á sviði fjarskipta. Slíkt var eðlilegt á ófriðarárunum. Hins vegar má deila um nauðsyn þess nú, a. m. k. á sumum takmarkaðri sviðum fjarskipta. Ljóst er hins vegar að fylgjast verður vandlega með notkun slíkra tækja. Því er í þessu frumvarpi ekki lagt til að gerð verði breyting á þessum einkarétti ríkisins til þess að stofna og reka fjarskipti á Íslandi.

Ríkið hefur einnig einkarétt til þess að gera við fjarskiptavirki. Að mati flutningsmanns er þetta ákvæði úrelt og þjónar hvergi nærri þörfum hinna fjölmörgu notenda fjarskiptavirkja. Í 3. gr. frumvarpsins er ráðherra að visu heimilað að veita undanþágu frá öllum atriðum einkaréttarins. Þessi heimild hefur verið notuð í viðtækum mæli á sumum sviðum, t. d. er notkun talstöðva mjög viðtæk og raunar er það skylda íslenskra fiskiskipa að hafa slíkar stöðvar.

Aftur á móti hefur ríkt furðuleg tregða á því að heimila fagmönnum á sviði fjarskipta að gera við fjarskiptavirki. Eðlilega hefur Landssími Íslands þó ekki getað haft viðgerðarmenn starfandi á hinum ýmsu útgerðarstöðum landsins. Afleiðingin hefur orðið sú, að þjónusta við notendur fjarskiptavirkja, t. d. talstöðva, er mjög léleg víða um landið. Þeir verða annaðhvort að senda talstöðvarnar til Reykjavíkur til viðgerðar eða biða þess, að viðgerðarmaður komi frá Landssíma Íslands, sem er vitanlega mjög kostnaðarsamt. Þetta getur tekið langan tíma, ekki síst þegar ferðir eru strjálar að vetrum. Á meðan eru bátarnir talstöðvarlausir. Allir sjá, hvaða hættum slíkt býður heim.

Með öllu virðist ástæðulaust annað en að heimila þeim einstaklingum, sem hlotið hafa tilskilið nám og löggildingu, að gera við fjarskiptavirki. Það gæti jafnframt stuðlað að því, að slíkir menn settust að víða utan Reykjavíkur. Mundi það stórbæta þjónustu við notendur fjarskiptavirkja. Með þessu frumvarpi er lagt til, að slíki viðgerðarþjónusta verði heimiluð.

Hins vegar er nauðsynlegt, að Landssími Íslands geti haft visst eftirlit með viðgerðum á fjarskiptavirkjum. Því er lagt til, að viðgerðarmenn láti skrá sig

hjá Landssímanum og að þeim sé skylt að veita Landssíma Íslands skýrslu um starfsemi sína, sé þess óskað.

Með þessu frumvarpi er jafnframt lagt til, að þeim, sem hlotið hafa tilskilda menntun og löggildingu, verði heimilað að smíða fjarskiptavirki. Engin hættu virðist vera í slíku fólgin. Ekki er heimilt að selja eða starfrækja slík tæki án heimildar ráðherra. Hann hefur því eftir sem áður nauðsynlegt eftirlit og úrslitavald. Þessi heimild getur hins vegar stuðlað að því, að unnið verði innanlands meira að endurbótum og nýjungum á fjarskiptasviðinu en verið hefur.